

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 5/2025,
um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. tölul. 1. gr.:

- Orðin „og málefni óbyggðanefndar“ í d-lið falla brott.
- M-liður fellur brott.
- Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Nefnd til að kanna aðbúnað barna sem vistuð voru fyrir atbeina stjórnvalda á einkaheimilum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

- G-liður 7. tölul. fellur brott.
- Í stað orðanna „Eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu“ í a-lið 8. tölul. kemur: Markaðssetningarlög.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- Orðin „og sanngirnibætur“ í upphafsmálslið 8. tölul. falla brott.
- B-liður 8. tölul. fellur brott.
- Upphafsmálsliður 28. tölul. orðast svo: Málefni útlendinga, þ.m.t. brottfararstöð, að frátaldri þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd, sbr. g-lið 2. tölul. 4. gr., þar á meðal:

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

- D- og e-liður 3. tölul. falla brott.
- Y-liður 5. tölul. fellur brott.
- Í stað 7. og 8. tölul. kemur nýr töluliður, sem verður 7. tölul., svohljóðandi: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsmál, þar á meðal:
 - Húsnæðislán.
 - Greiðslujöfnun fasteignaveðlana til einstaklinga.
 - Húsnæðissjóð.
 - Húsaleigumál.
 - Húsnæðisbætur.
 - Sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.
 - Húsnæðissamvinnufélög og byggingarsamvinnufélög.
 - Almennar íbúðir.
 - Húsnæðissjálfsseignarstofnanir.
 - Húsnæðismálasjóð.
 - Fjöleignarhús.
 - Frístundabyggð.

- m. Kærufélag húsamála.
- n. Fasteignaskrá og fasteignamat.
- o. Eftirlit með mannvirkjum og gerð þeirra.
- p. Brunavarnir.
- q. Byggingarvörur.
- r. Eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum.
- s. Yfirfasteignamatsnefnd.
- t. Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.
- u. Skipulagslög.
- v. Skipulag haf- og strandsvæða.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

- 1. H-liður 3. tölul. fellur brott.
- 2. Við 3. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Innviðafélag.
- 3. Við 6. tölul. bætist nýr stafliður, sem verður e-liður, svohljóðandi: Ráðstöfun viðbótar-
iðgjalds til séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána.
- 4. Á eftir mm-lið 8. tölul. koma þrír nýir stafliðir, svohljóðandi:
 - nn. Markaði fyrir sýndareignir.
 - oo. Stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar.
 - pp. Verðbréfun.
- 5. Á eftir e-lið 9. tölul. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Aðgengi að vefsetrum og smá-
forritum opinberra aðila.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. tölul. 6. gr.:

- 1. E-liður fellur brott.
- 2. Við bætist nýr stafliður, sem verður f-liður, svohljóðandi: Dvalarheimili og dvalarrými.
- 3. Í stað orðanna „Sérhæfðar dagdvalir“ í g-lið kemur: Málefni dagdvala.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.:

- 1. Orðið „Atvinnuþróun,“ í a-lið 5. tölul. fellur brott.
- 2. Á eftir h-lið 14. tölul. kemur nýr stafliður, sem verður i-liður, svohljóðandi: Skapandi
greinar.

8. gr.

Á eftir h-lið 2. tölul. 10. gr. kemur nýr stafliður, sem verður i-liður, svohljóðandi: Land-
upplýsingar og kortagerð.

9. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. júní 2026.

Halla Tómasdóttir.

(L. S.)

Kristrún Frostadóttir.